

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



Reykjavík 6. desember 2016
UST201611-079/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Rangárþings ytra. Tillaga að breytingu á svæði fyrir vindrafstöðvar.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 10. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu aðalskipulags Rangárþings ytra á svæði fyrir allt að 13 vindrafstöðvar auk tengivirkja.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að áætlað framkvæmdasvæði er alls um 193 ha og liggur norðan við Þykkvabæ. Svæðið er nær flatt og nær algróið, og er þar graslendi og jafnvel deiglendi. Í lýsingu er gert er ráð fyrir að reistar verði 13 vindrafstöðvar á svæðinu. Í lýsingu kemur fram að mesta hæð rafstöðvar er 149 m.

Umhverfisþættir

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að umhverfismat framkvæmdar er í vinnslu. Umhverfisstofnun tekur undir þá þætti sem skoða á varðandi umhverfisáhrif vindrafstöðva.

Í lýsingu er ekki fjallað um samanburð við aðra kosti. Að mati Umhverfisstofnunar ætti einnig að meta aðra valkosti s.s. að reisa vindorkugarðinn sunnan byggðarinnar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

